

Fundargerð 34. fundar

Verkefnastjórnar hjúkrunarheimilisins að Sólvangi.

Árið 2018, fimmtudaginn 26. apríl, kl. 8:30 kom verkefnastjórn hjúkrunarheimilisins saman.

Verkefnastjórnin fór í vettvangsferð í nýbyggingu hjúkrunarheimilisins á Sólvangi.

Mættir voru Helga Ingólfssdóttir, Elísabet Valgeirsdóttir, Gylfi Ingvarsson, Birna Ólafsdóttir og Þórdís Bakkmann Kristinsdóttir. Auk þess mættu Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri, Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskylduþjónustu sem ritaði fundargerð.

Fulltrúi frá VSB, verkfræðistofu auk fleiri sem koma að verkinu tóku á móti hópnum. Farið var yfir teikningar, gengið um bygginguna og verkið kynnt. Vel hefur gengið með bygginguna síðustu vikurnar og er áætlað að verkinu ljúki í nóvember n.k.

Fundi slitið kl. 9:15.